



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Enska – 3. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Nemendur rifja upp það sem þeir hafa lært fram að þessu og auka enn frekar við þekkingu sína. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 8 ára bekk eru eftirfarandi: Almenn upprifjun, tölur 0-60, dýr, heimilið og samfélag/umhverfi. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

### Matsviðmið

#### Frásögn

Tekið þátt í samtalsæfingum í þörum eða litlum hópum.  
Öðlist færni í að nota lykilorðaforða í einföldum setningum  
Borið orðin rétt fram og af öryggi.

#### Lesskilningur

Geta lesið þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið  
Tengt orðaforða við myndir.

#### Meningarlæsi

Áttað sig á menningarmun á milli landa þar sem tungumálið er talað og heimalands nemandans.  
Talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað og hvaða heimsálfum þau tilheyra.  
Sungið einföld barnalög á tungumálinu.

#### Námshæfni

Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.  
Unnið verkefni sem einstaklingur, í þörum og hópum  
Tengt nýjan orðaforða og umfjöllunarefni kennslustunda því sem hann þekkir úr sínu tungumáli og umhverfi  
Notað ýmis hjálpargögn til að festa nýjan orðaforða í sessi

#### Ritun

Öðlast frekari færni í að skrifa orð á tungumálinu  
Skrifað einfaldar setningar á tungumálinu

**Samskipti**

Myndað lengri setningar í samtölum

Spurt og svarað um liðan

Notað lykilorðaförða í samskiptum við kennara og samnemendur

**Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

**Námsmat**

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum.